

Ed. 585. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Frá og með gildistöku laga þessara verður sú breyting á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps sem hér greinir:

Að vestan verða mörkin bein lína úr Akurey í vestasta tanga Óslands og þaðan bein lína í nyrzta odda Stapakletts, þaðan bein lína úr nyrzta odda Stapakletts í miðjan Mikleyjarál, með stefnu í Mikleyjarsker, þannig að Ósland í Nesjahreppi er lagt undir Hafnarhrepp.

2. gr.

Nú verður ekki innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekju- og aðstöðumissi Nesjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu bætur þá ákveðnar af gerðardómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Hafnarhreppur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.